

## Fundargerð 14. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 13. apríl 2016

**Mættir:** Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir ritari, Elsa Guðmundsdóttir (á Skype), Eva Hannesdóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Ragnar Marteinnsson og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri

**Afboða, mæta ekki:** Pétur Einarsson, Richard Kristinsson, Jónas Tryggvason, Emil Örn Harðarson mótastjóri og Jacky Pellerin landsliðsþjálfari.

Fundur settur kl. 18:07

### 1. Fundargerðir

- Verkefnafundur nr. 17 dags. 24/03/2016
- Verkefnafundur nr. 18 dags. 31/03/2016
- Verkefnafundur nr. 19 dags. 06/04/2016

*Staðfest*

### 2. Tækjakaup fyrir skrifstofu og fjölmiðlavinnu

- Tilboð í tæki og tól á nýja skrifstofu SSÍ
  - Fyrir liggur tilboð sem er upb 49% af útsöluverði tækja

*Unnið áfram að málinu með tilliti til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.*

### 3. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
-------	--------------	-------------	-------------	-------------

### 4. Staðfesting meta

#### 25 metra laug

Stúlkna

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
--------	-------	--------	-------	-------	---------

Engin met sem þarfnast staðfestingar

### 5. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
16/03/2016	Skráning meta í blönduðum boðsundum	Sundráð ÍRB/sr
16/03/2016	Ósk um endurskoðun á reglugerð AMÍ	Sundráð ÍRB/sr, hke, höj

*Formanni falið að svara erindinum*

### 6. Verkefni framundan

- Sundknattleiksmót fyrir 14 ára og yngri 17.apríl 2016 í Hafnarfirði
- ÍM50 í laugardalslaug 22. – 24. apríl
- Formannafundur verður á Cafe Easy 23.apríl 2016
- IMOC í Hafnarfirði 29. og 30. apríl 2016
- 3k og 5k í Laugardalslaug 1. maí 2016
- Íslandsmót í Sundknattleik í Laugardalslaug 14. – 15. maí 2016
- AMÍ á Akranesi 24. – 26. júní
- Íslandsmót í Víðavatnssundi í Reykjavík 20. júlí 2016

### 7. Undirbúningur formannafundar

- Stefna SSÍ
  - Landslið
    - Rætt um möguleika á samstarfi SSÍ og félaga um æfinga- eða keppnisvekefni fyrir þá einstaklinga 16 ára og eldri sem ekki ná lágmarkum á NM/EM/HM, EMU ofl.

## Fundargerð 14. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 13. apríl 2016

---

- ii. Skólasund
- iii. Almenningsund
- iv. Aðrar sundíþróttir
- b. Atburðadagatal 2016 – 2017
- c. Fjárhagur SSÍ
- d. Önnur mál
  - i. AMÍ
  - ii. Fræðslumál
  - iii. Skráning sundfólks

### 8. Önnur mál

- a) Umræða um ýmsa verkferla
- b) Umræða um skólasund í Reykjavík
- c) Leyfisnúmer sundfólks og félagaskipti sundíþróttafólks

#### *Stjórn SSÍ samþykkir breytta 20. grein Almennra ákvæða SSÍ*

#### **20. grein – Félagsaðild og félagaskipti**

Allir keppendur í sundíþróttum skulu skráðir hjá SSÍ undir fullu nafni mv þjóðskrá og kennitölu.

Keppendur í keppnissundi, garpasundi og sundknattleik geta skipt um félag hvenær sem er á keppnistímabilinu. Keppnisrétt öðlast viðkomandi með sínu nýja félagi þó ekki fyrr en 30 dögum eftir að tilkynning um félagaskipti hefur borist SSÍ. Keppendur í garpasundi og keppendur 20 ára og eldri í sundknattleik greiða kr. 2500 fyrir félagaskipti og keppendur í sundknattleik 19 ára og yngri greiða kr. 1500 fyrir sömu þjónustu. Keppandi í keppnissundi sem greiðir þjónustugjald til SSÍ greiðir ekki sérstakt gjald vegna félagaskipta.

Tilkynna þarf öll félagaskipti skriflega til skrifstofu SSÍ. Tilkynning um félagaskipti þurfa að berast skrifstofu SSÍ á þar til gerðu eyðublaði/formi ásamt greiðslu þegar það á við. Póststimpill ábyrgðarbréfs, kvittun stjórnarmanns eða starfsmanns gildir sem dagsetning tilkynningar um félagaskipti. Stjórn SSÍ skal á næsta fundi staðfesta félagaskipti og færa til bókar.

Sundmaður í keppnisflokki eða garpaflokki getur keppt undir merkjum annars félags í öðrum sundíþróttagreinum.

- d) Samningur um Íslandsmót í víðavatnssundi

#### *Formanni falið að ganga frá samningi við HÍK ehf í samráði við víðavatnsnefnd SSÍ*

**Fundi slitið kl. 19:30**